

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar.

Frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið einkum að því leyti að hún hefur til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998, sem er lagt fram í tilefni af fullgildingu samningsins. Markmið frumvarpsins er að styrkja eftirlit með fiskveiðum erlendra skipa í íslenskum höfnum til samræmis við þann samning sem utanríkismálanefnd hefur til umfjöllunar.

Með fyrrnefndu frumvarpi eru einkum lagðar til breytingar á 3. og 9. gr. laga nr. 22/1998. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að gildissvið hafnríkisaðgerða verði rýmkað til samræmis við ákvæði samningsins. Einnig er lagt til að Landhelgisgæslunni verði heimilað að krefja fánaríki um að stafesta að afli um borð í skipi hafi ekki verið veiddur í bága við tiltekin ákvæði.

Nefndinni hafa borist umsagnir um frumvarpið frá Hafnasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi smábátaeigenda og Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Nefndinni bárust nokkrar athugasemdir við frumvarpið sem hún hyggst kanna frekar í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við að samningurinn verði fullgiltur.

Jón Gunnarsson, Ásmundur Friðriksson og Kristján L. Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 2015.
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 2. varaform.,
Haraldur Benediktsson.
Björt Ólafsdóttir.
Páll Jóhann Pálsson.
Þorsteinn Sæmundsson.
Þórunn Egilsdóttir.